

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 31.10.2024

Verkefnaráð	1
Innkaup umsjónarkerfis fyrir leikskóla og frístund	2
Vefur Borgarbókasafnsins úr drupal 7	4
Niðurstaða frumathugunar: Vala vinnuskóli.....	6
Niðurstaða greiningar: Reglustjórnun.....	8
Önnur mál	10

Verkefnaráðsfundur 31.10.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 03.10.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Halla María Ólafsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir, Björn Unnar Valsson, Helen Símonardóttir, Ásgrímur Már Friðriksson, Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir, Agnes Guðjónsdóttir	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudagur 31. október 2024, kl. 10:00 –11:30 5.hæð vestur, Laufbrekka, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling
10:05–10:20 Innkaup umsjónarkerfis SFS: Halla María
10:20–10:25 Umræður
10:25–10:40 Vefur Borgarbókasafnsins úr drupal 7: Lára og Guðrún
10:40–10:45 Umræður
10:45-11:00 Niðurstaða Frumathugunar - Vala vinnuskóli: Helen og Ásgrímur
11:00-11:05 Umræður
11:05-11:20 Niðurstaða greiningar - Reglustjórnun: Ragnheiður Þórdís og Agnes
11:20-11:25 Umræður
11:25-11:30 Önnur mál
11:30 Fundi slitið

Innkaup umsjónarkerfis fyrir leikskóla og frístund

Samningur við InfoMentor um fjögur umsjónarkerfi rennur út 1. mars 2025. Skóla- og frístundasvið þarf að tryggja áframhaldandi umsjón vegna þjónustu barna. Síðast þegar sótt var um fjármagn til þess að fara í innkaup voru skólalausnir (Vala) í eigu Advania en þær hafa nú verið seldar til InfoMentor.

Búið er að gera:

- Áskorunarrammi
- Jafnréttisskimun
- Vinna við kröfulýsingu
- Rætt hefur verið við ýmsa hagsmunaaðila
- Vinnustofur hafa verið haldnar með þjónustuveitendum
- Forval var sent út fyrir samkeppnisviðræður
- Samkeppnisviðræðum var slitið eftir sölu Advania á skólalausnum til InfoMentor

Með verkefninu á m.a að:

- Gera samskipti um umsóknir, biðlista, reikninga o.s.frv skilvirkari með tilheyrandi vinnusparnaði fyrir starfsfólk og foreldra.
- Gera starfsfólki kleift að taka út skýrslur, tölfræði og önnur gagnasöfn sem fást í gegnum umsjónarkerfi.

Væntur ávinningur/ábati:**Ómælanlegur ábati**

- Starfsánægja, einfaldara verklag, betri yfirsýn
- Bætt ímynd
- Ánægja foreldra

Mælanlegur ábati

- Tímasparnaður starfsfólks er óverulegur en gera má ráð fyrir 240 klst á ári.
- Tímasparnaður foreldra er óverulegur en gera má ráð fyrir 225 klst sparnaði á ári
- Teljum að eitt kerfi muni lækka leyfiskostnað um allt að 20% og einnig má draga saman kostnað við hýsingu þar sem möguleiki er á hýsingu lausnar í nýju gagnaveri borgarinnar.
 - Áætlaður sparnaður frá núverandi kerfi: 8. m.kr

Tímarammi: 14 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 17.380.000 kr.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir verkefnastjóra til að halda utan um kaup á kerfi sem snýr að allri þjónustu við börn í skóla- og frístundastarfi og verður í rekstri hjá UTR, en þjónustueigandi verður á SFS.
- Ósk um vörustjóra viðkomandi kerfis kemur þegar ákvörðun um kerfi liggur fyrir.
 - Verkefnastjóri í 40% starf í 14 mánuði
 - Stoðteymiskostnaður
 - Innleiðingarkostnaður birgja
 - Heildarupphæð 17.380.000

Næstu skref:

- Óska eftir framlengingu á samningi við Info Mentor vegna Völu um ár.
- Útboðsgerð – vinna var hafin í fyrra verkefni sem nýtist við útboðsgerð í þessu verkefni

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 31.10.24: 5 4 1 4 5 3 = 3,20

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni er samþykkt, en það er mikilvægt að verkefnið sé umfangsmetið aftur og verkefnaráð fái kynningu á því. Verkefnaráð telur innleiðingarkostnað metin of lágur. Verkefnaráð vill benda á að það sé skoðað í forgreiningu þessa verkefnis hvort að kerfi á markaði geti sinnt þörfum allra námsstiga.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt, en umfangsmeta að nýju og koma með fyrir verkefnaráð

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga SFS	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir teymisstjóra stafrænna leiðtoga og deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Vefur Borgarbókasafnsins úr drupal 7

Vefurinn Borgarbókasafn.is býður notendum marga möguleika á sjálfsafgreiðslu á vef sínum sem er í Drupal 7 vefumsjónarkerfi. Til að viðhalda núverandi þjónustustigi og gefa möguleika á framþróun, þarf að uppfæra vefumsjónarkerfið þar sem þjónusta við Drupal 7 hættir í janúar 2025. Eftir rýni, hugmyndafræði, niðurrífsfræði og lausna þælingar leggjum við til að greina tvo kosti nánar áður en lengra er haldið.

Búið er að gera:

- Áskorunarrámi og forgreiningu stafræns leiðtoga.
- Stemming fyrir verkefninu.
- Forgreining með þjónustuhönnuði.
- Þjónustukönnun hjá Borgarbókasafni.
- Skrifborðsrannsókn um fyrirliggjandi stefnur og lög um Borgarbókasafn.
- Rýni vefsérfræðing hjá borginni.
- Vinnustofa og fundir þar sem verkefnið var tætt niður og púslað upp aftur og hverjum steini snúið við.

Með verkefninu á m.a að:

Greina tvo kosti sem eru vænlegir til þess að geta haldið sama þjónustustigi við borgarbúa eftir að þjónustan við Drupal 7 hættir.

Væntur ávinningur/ábati:

Ómælanlegur ábati:

- Starfsánægja
- Bætt ímynd
- Ánægja borgarbúa
- Öruggt tækniumhverfi

Mælanlegur ábati

- Hagræðing um 2-3 miljónir árlega næstu ár – Getur sparað okkur 10-15 m.kr til langtíma að vera utan þjónustusamnings við Reload

Tímarammi: 2 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 2 m.kr.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir fjármagni og verkefnastjóra til að leiða greiningarvinnu í að rýna kosti A, B og C
 - A: Greining á núverandi vef og kanna uppfærslu á honum.
 - B: Greining á bokmenntir.is og kanna möguleikann á nýtingu á bakenda hans.
 - C: Óbreytt ástand.
- Óska eftir fjármögnun upp á 2. mkr fyrir verkefnastjóra í 25% vinnu í tvo mánuði og 80 tíma frá Drupal sérfræðing.

Næstu skref:

- Fá drupal sérfræðing til að greina kost A
- Taka stöðuna hvort farið verður áfram í að greina kost B
- Kynna niðurstöður greiningarvinnu og leggja fyrir eiganda valkosti um næstu skref

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 29.1.24 og 31.10.24: 4 4 2 4 5 3 = 3,33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt að fara í nánari greiningu á leiðum A og B. Flott hvernig hópurinn er að taka þetta áfram, og að nýta innviði borgarinnar.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt.
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MÍR, teymisstjóra vefdeildar	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir teymisstjóra stafrænna leiðtoga um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Niðurstaða frumathugunar: Vala vinnuskóli

Frumathugun á hvort að lausnin Vala vinnuskóli frá Advania hafi það sem þarf til að mæta kröfum mannauðsskrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs við rekstur Vinnuskóla Reykjavíkur.

Um frumathuginina:

- Eldri hugbúnaður sem var í notkun var ekki að þjóna vinnuskólanum sem skyldi.
- Óánægja var með fyrri hugbúnað, kerfið stirt og krafðist aukinnar „handavinnu“.
- Þekking á eldra kerfi er ekki fyrir hendi á sviðinu.
- Samningur gerður í eitt ár fyrir frumathugun.
- Hugbúnaður notaður í raunumhverfi.
- Skoðað hvort umsjónarkerfi eigi heima með stærra útboði umsjónarkerfa Reykjavíkurborgar.
- Með því að framkvæma frumathugun er verið að greina mögulegar áskoranir, áhættur og takmarkanir áður en farið er í fulla fjárfestingu. Með þessu er verið að draga úr áhættu og taka upplýstar ákvarðanir um hvort skuli halda áfram með fullri útfærslu eða innkaupum.

Frumathugun fól í sér:

- Matslisti á kröfum umsjónaraðila til vinnuskólakerfis (þ.m.t. mannauð, skólastjóra og launaskrifstofu).
- MÁP á lausn (m.t.t. frumathugunar).
- Ráðgjöf og kennsla frá Advania.
- Prófanir í prufuumhverfi.
- Notkun yfir vinnuskóla tímabilið 2024.
- Mat á kröfulista.

- Umsögn upplýsingatæknihönnuðar um Völu Vinnuskóla.

Niðurstaða frumathugunar:

1. Hugbúnaðurinn Vala vinnuskóli mætir þörfum vinnuskólans að langmestu leyti. Vonir standa til að í framtíðinni verði hægt að tengja vinnuskólann við launakerfi borgarinnar þegar og ef Reykjavíkurborg skiptir um launakerfi.
2. Ekki þykir ástæða til að hafa hugbúnaðarlausn fyrir Vinnuskólann með í útboðspakka annarra umsjónarkerfa skóla, á vegum skóla- og frístundasviðs, þar sem þessi umsjónarkerfi eru það ólík að slíkt flækir eingöngu útboð og með tilkomu nýrra laga um opinber innkaup eru fleiri leiðir færar fyrir þessi innkaup og þar sem hætt var við eitt heildarútboð á umsjónarkerfum SFS.
3. Mælt er með því að velja stutta og hentuga innkaupaleið í samráði við skrifstofu fjármálaráðgjafar og þjónustu.
4. Þar sem hugbúnaðurinn þjónustar mjög afmarkaða starfsemi Reykjavíkurborgar og er sérhæfður fyrir þá starfsemi með einungis tveimur fastráðnum starfmönnum þykir ekki þörf á að hugbúnaðurinn sé í vörustýringu.

Væntur ávinningur/ábati:

Ómælanlegur ábati:

- Kerfið svarar öllum þeim þörfum sem vinnuskólinn hefur varðandi skráningu nemenda og vörslu persónuupplýsinga.
- Kerfið er byggt á viðmóti sem notendur (foreldrar) þekkja vel frá leikskólum og frístund.
- Einstaklega gott er að sækja tölfraedi og lykiltölur í kerfinu.
- Hagkvæmt er að bjóða upp á viðmót til skráningar sem er notendum (foreldrum) kunnugt og einfalt í notkun. Með því er aðgengi að þjónustu auðveldað. Auk þess má sjá kosti í því að notkun stjórnenda/starfsmanna í bakenda kerfisins er notendavæn og þægileg að langmestu leyti.

Óskað er eftir:

Áliti verkefnaráðs um innkaup á Völu vinnuskóla með eða án verkefnastjóra PON.

- Ekki er þörf á tæknilegri innleiðingu.
- Búið er að meta lausnina með tilliti til persónuverndar.
- Ekki er þörf á útboði þar sem áætluð 4 ára innkaup er undir viðmiðum innkaupareglna fyrir útboð.
- Hægt væri að fara í innkaup án verkefnastjóra þar sem stafrænn leiðtogi USK leiðir vinnuna en þó með aðkomu lögræðiþjónustunnar.

Næstu skref:

- Ákvörðun um innkaup gerð í samráði með verkefnaráði ÞON og umsjónaraðilum Vinnuskóla Reykjavíkurborgar.
- Uppfærsla á þjónustusamningi og tilboði frá InfoMentor í samstarfi með stoðteymi ÞON.
- Gengið til samninga.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 8.2.2024 og 31.10.2024: 5 4 1 4 5 3 = 3,20

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt með þeim forsendum að það verður verkefnastjóri á verkefninu og kerfið fer í vörustýringu, að lágmarki 10%. Fara eftir ferlum ÞON.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga USK um niðurstöðu verkefnaráðs og verkefnastjóra frumathugunarinnar.	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Niðurstaða greiningar: Reglustjórnun

Eitt af hlutverkum Reykjavíkurborgar er að vera stjórnvald, útgefnar reglur fela í sér réttaráhrif og ber borginni að halda markvisst utan um þær, útgáfustýra og birta á ytri vef. Komi til þess að mál fari fyrir kærufélag, til eftirlitsaðila eða dómstóla stendur borgin höllum fæti og getur verið skaðabótaskyld ef ekki er haldið markvisst utan um útgefnar og gildandi reglur.

Búið er að gera:

- Áskorunarrámi og fundir með eigendum
- Þarfagreining með lögfræðingum
- Fundir með Island.is og Hugsmiðju
- Fundur með forritara UTR
- Hvað eru önnur sveitarfélög að gera?

Með verkefninu á m.a að:

- Tryggja er að reglur séu gildar og nýjasta útgáfa sé til staðar hverju sinni og hægt sé að rekja breytingar.
- Tryggja að allar reglur útgáfustýrðar á einum stað með sama sniðmáti.

Niðurstaða þarfagreiningar:

- Allir svarendur þurfa í daglegum störfum að notast við reglur Reykjavíkurborgar.
- Vistaðar í skjali í tölvu (ekki alltaf með up to date), notast við google til að finna nýjsta skjal, reykjavik.is.
- Meirihlutinn þarf að vera með aðgang að reglum sem eru fallnar úr gildi. Í einhverjum tilfellum er hægt að finna gögn á Hlöðunni, gamlar fundargerðir eða bókanir um breytingar eða á drifum ef þau hafa verið vistuð þar.
- Allir svarendur voru sammála um að væri kostur að sjá breytingar sem hafa verið gerðar á reglunum. Einn benti á að væri gagnlegt að hafa skýringar með breytingunum, s.s. tilgang og markmið þeirra.
- Allir svarendur nefndu að dagsetningar/hvenær uppfært/hvenær samþykkt/gildistími/undirskrift væru allt nauðsynlegar upplýsingar fyrir gagnsemi. Einn ítrekaði dagsetningarnar, sagði geta skipt sköpum.

Væntur ávinningur/ábat:

Ómælanlegur ábati

- Þeir sem verða fyrir áhrifum af verkefninu eru allir borgarbúar og starfsfólk borgarinnar.
- Raunverulegur ábati er skilvirkni, samræming, aukið gagnsæi, betra skipulag og aukið traust borgarbúa á stjórnslu borgarinnar.
- Mögulega getur verkefnið orðið til þess að fækka mistökum í stjórnslunni og um leið takmarka bótaskyldu borgarinnar.

Tímarammi: 3 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 5 m.kr.

Óskað er eftir:

- fjármögnun upp á 5 mkr.
- Verkefnastjóra og stuðning frá UTR í um það bil 3 mánuði.

Næstu skref:

- Vinnustofa með Hugsmiðjunni.
- Fundur með forritara.
- Áframhaldandi samtal með island.is.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 14.3.2024: 2 3 1 2 3 2 = 2,0

Niðurstaða verkefnaráðs:

Ekki samþykkt. Frábært verkefni sem við styðjum. Flott að geta endurnýtt frá ríkinu og styður við markmið PON. Það þarf að tryggja hver er eigandi og eiga samtál við Ráðhúsið aftur og lenda þessu með eiganda. Þau þurfa að vita af rekstrarkostnaði. Skila inn minnisblaði sem tekur skýrt fram hver er ábyrgð eiganda og þá verður endurskoðað með samþykkt verkefnisins.

Nr.	Ákvörðun
1	Ekki samþykkt.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra verkefni og stafrænan leiðtoga MOS um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)**Önnur mál**

Engin